

Kj. Kjartansson ehf.
Skiopholti 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2021
UST202109-097/F.K.
07.10.02

Niðurstaða eftirlits - Sólarvarnir- Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Kj. Kjartanssonar ehf., dags. 20.5.2021 og 1.6.2021 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með snyrtivörum, nánar tiltekið sólarvörnum sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur. Eftirlitið fór fram hjá Apóteki Suðurlands þann 20.5.2021 og hjá Heilsuhúsinu þann 1.6.2021 og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins þann 16.6.2021.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort sólarvarnir á markaði uppfylli skilyrði tilgreindra laga og reglugerða varðandi merkingar, leyfileg innihaldsefni og skráningu í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP).

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins og Kj.Kjartansson ber ábyrgð á narkaðssetningu á voru skoðaðar (sjá töflu) :

Vara	Strikamerki	SPF	mL
Jasön - kids sunscreen	078522083221	45	113 gr.
Lavera Naturkosmetik -Sensitive sun spray	4021457635320	20	100

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Kj. Kjartansson ehf. frest til 23.11.2021 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkimiða fyrir vöruna Jasön – kids sunscreen þar sem fram koma upplýsingar um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og/eða mynd af vörunni Jasön-kids sunscreen með uppfærðum merkingum sbr. reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202109-097

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustöðum verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Kj. Kjartansson ehf. hér með frest til 23.11.2021 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin

hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 15.11.2021. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 15.11.2021.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um snyrtivörur og merkingar þeirra má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífa Konráðsdóttir, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla